



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

\*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

<b>Málsheiti og nr.</b>	UH23060249 Frv. á 154. þingi – Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum sem varða leyfisveitingar Orkustofnunar (þjónustugjöld)
<b>Ráðuneyti</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
<b>Stig mats</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
<b>Dags.</b>	16.11.2023

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

### 1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

Áformin varða heimild til töku þjónustugjalda vegna vinnu við leyfisumsóknir vegna auðlindanýtingar, útgáfu leyfa og eftirlits með þeim. Líkt og staðan er í dag eru veikar eða alger vöntun á slíkum heimildum. Í mörgum tilfellum eru leyfisumsóknir sem berast stofnuninni ófullnægjandi, og sinna þá sérfræðingar í raun hlutverki ráðgjafa- og lögfræðiþjónustu við leiðréttingar og köllun eftir frekari gögnum, umsækjanda að kostnaðarlausu en á kostnað ríkissjóðs.

Gróft áætlað yrðu tekjur Orkustofnunar vegna þessara breytinga á bilinu 6 – 13 mkr. að meðaltali á ársgrundvelli, allt eftir umfangi leyfisumsókna og með þeim forsendum að umsóknir sem berast séu fullnægjandi frá fyrstu hendi og því gert ráð fyrir lágmarks vinnuframlagi. Gert er ráð fyrir að verðskrá muni þróast á næstu árum til að endurspeglar betur raunvinnuframlag stofnunarinnar. Ljóst er því að gjaldtaka sem þessi mun ekki fjármagna nema að litlum hluta þá vinnu sem leyfisveitingar krefjast í raun innan stofnunarinnar, en slík gjaldtaka mun skila sér í möguleikum til að bæta þjónustu stofnunarinnar með því að geta brugðist við álagspunktum í leyfisveitingum með auknu vinnuframlagi og/eða sækja utanaðkomandi þjónustu.

### 2. Tekjubreytingar

Að jafnaði hafa runnið um 2 mkr. á ári í ríkissjóð vegna þeirra leyfisveitinga sem nú er ætlun að taka þjónustugjald fyrir. Gróft áætlað yrðu tekjur Orkustofnunar vegna þessara breytinga á bilinu 6 – 13 mkr. að meðaltali á ársgrundvelli, allt eftir umfangi leyfisumsókna og með þeim forsendum að umsóknir sem berast séu fullnægjandi frá fyrstu hendi og því gert ráð fyrir lágmarks vinnuframlagi

### 3. Útgjaldabreytingar

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum  
engar

### 4. Eignabreytingar

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum  
engar

### 5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi
- f) Opinber innkaup og útboð
- g) Eignaumsýsla ríkisins
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

## B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
  - a) í gildandi fjárlögum  
nei
  - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs  
nei
  - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar  
nei
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?  
Frumvarpið hefur ekki útgjöld í för með sér.
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?  
Gróft áætlað yrðu tekjur Orkustofnunar vegna þessara breytinga á bilinu 6 – 13 mkr. að meðaltali á ársgrundvelli, allt eftir umfangi leyfisumsókna og með þeim forsendum að umsóknir sem berast séu fullnægjandi frá fyrstu hendi og því gert ráð fyrir lágmarks vinnuframlagi.

## C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnisýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.  
– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“  
Fyrirtæki sem verða fyrir áhrifum eru helst orkuvinnslufyrirtæki. Með því að taka gjald í samræmi við veitta þjónustu er stuðlað að gagnsærra ferli. Jafnframt hefur Orkustofnun þá tök á að bæta þjónustu við umsækjendur, þ.m.t. með styttri afgreiðslutíma erinda sem stofnuninni berast.
3. Samkeppnisskilyrði
  - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)  
Nei

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)

Nei

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd)

Nei

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Nei

#### D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**  
– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins  
Engin áhrif
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**  
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011  
Engin áhrif
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**  
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011  
Engin áhrif
4. **Áhrif á byggðalög**  
Engin áhrif
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**  
Engin áhrif
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**  
Engin áhrif  
– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum
7. **Áhrif á lýðheilsu**  
Engin áhrif
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir**  
Engin áhrif
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri**  
Engin áhrif
10. **Áhrif á stjórnslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**  
Engin áhrif
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar**

Engin áhrif

**12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun**

**E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á**

**1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**

Gróft áætlað yrðu tekjur Orkustofnunar vegna þessara breytinga á bilinu 6 – 13 mkr. að meðaltali á ársgrundvelli, allt eftir umfangi leyfisumsókna og með þeim forsendum að umsóknir sem berast séu fullnægjandi frá fyrstu hendi og því gert ráð fyrir lágmarks vinnuframlagi.

Breytingar á tekjum ríkissjóðs er metnar óverulegar.

- 2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á**
- 3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)**

Með því að taka gjald í samræmi við veitta þjónustu er stuðlað að gagnsærra ferli. Jafnframt hefur Orkustofnun þá tök á að bæta þjónustu við umsækjendur, þ.m.t. með styttri afgreiðslutíma erinda sem stofnuninni berast. Einnig er stuðlað að því að fjáheimildum stofnunarinnar sé að öðru leyti varið með gagnsærri og fyrirsjáanlegri hætti.

**F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati**

- 1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
- 2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**